

FUNDARGERÐ

577. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 5. júlí 2018 kl. 16.00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti sveitarstjórnar Einar Freyr Elínarson setti fundinn og stjórnaði honum. Oddviti óskaði eftir að eftirtalin mál yrðu tekið á dagskrá fundarins.

- Opnun á tilboðum í skólaakstur 2018 - 2019 til og með 2020 - 2021, veður liður III - 8 á dagskránni.
- Málefni íþróttavallarins verði liður III – 9 á dagskránni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 238. fundar fræðslunefndar frá 21. júní 2018

Í þriðja lið fundargerðarinnar var farið yfir umsóknir sem bárust um stöðu skólastjóra Víkurskóla, en þær voru frá Elínu Einarsdóttur og Ragnari Jónssyni.

Fræðslunefndin fór yfir umsóknirnar og leggur til við sveitarstjórn Elín Einarsdóttir verði ráðin í stöðuna.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð nefndarinnar.

2. Fundargerð 260. fundar skipulagsnefndar frá 25. júní 2018.

2. Aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í endurskoðun á aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Með vísan í miklar breytingar sem átt hafa sér stað í sveitarfélaginu frá því að gengið var frá aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028, samþykkir sveitarstjórn að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að ráðast í endurskoðun á aðalskipulagi Mýrdalshrepps og felur sveitarstjóra að skrifa stofnuninni bréf þar um.

3. Sameining embættis skipulags- og byggingarfulltrúa .

Skipulagsnefnd leggur til að skipaður verði starfshópur í samráði við þau sveitarfélög sem áhuga hafa á samstarfi um embætti skipulags og byggingarfulltrúa. Í þeim starfshópi sitji sveitarstjórn og formenn skipulagsnefnda.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

4. Umsókn um stöðuleyfi – Sunnan Halldórsverslunar - Fish and Chips Óðinn Gíslason vísar af fundi undir þessum lið.

Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir sækir um stöðuleyfi fyrir uppsetningu söluskúrs sunnan Halldórsbúðar á sama svæði og söluskúrar hafa verið staðsettir undanfarnir tvö sumur.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að veitt verði heimild fyrir veitingu stöðuleyfis í 4 mánuði. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu. ÓG mætir aftur til fundarins

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Umsókn um stöðuleyfi – Smiðjan Brugghús Vigfús Þór Hróbjartsson vísar af fundi undir þessum lið.

Smiðjan Brugghús sækir um stöðuleyfi fyrir uppsetningu gáms í porti sunnan Sunnubrautar 15. Um er að ræða 20 feta geymslugám í tengslum við rekstur veitingarstaðar og brugghúss. Jafnframt er honum ætlað að vera skýli fyrir kælivökva tank sem staðsettur skal utandyra.

Gámasvæði sveitarfélagsins hentar ekki gámnum þar sem hann mun vera í daglegri notkun innan svæðisins.

Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu. VPH mætir aftur til fundarins. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 6. Svæði vestan Uxafótarlækjar Ferðapjónusta** Óðinn Gíslason vísar af fundi undir þessum lið. Ragnar Anton Reynisson sækir um lóð fyrir uppbyggingu smáhýsa ferðapjónustu. Landið sem um ræðir er vestan Uxafótarlækjar norðan skilgreinds urðunarsvæðis sveitarfélagsins sem hætt er að nota. Erindið lagt fyrir skipulagsnefnd þar sem breyting á aðalskipulagi þarf að fara fram ef að uppbygging á ferðapjónustu er heimiluð innan svæðisins. Umrætt svæði er nú þegar leigt út til landbúnaðarnota og fellst nefndin ekki á að skilgreina það undir verslun og þjónustu að svo komnu máli. Nefndin mælist til þess að við endurskoðun aðalskipulags verði leitast við að finna svæði sem hentar umsækjanda fyrir uppbyggingu ferðapjónustu sé talin forsenda fyrir því. ÓG mætir aftur til fundar Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. Vesturhluti Víkurþorps – Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag

Lögð er fram greinargerð vegna verndarsvæðis í byggð til yfirferðar auk atriða til umræðu frá vinnsluáðilum skipulagsins og verndarsvæðistillögu. Atriði þessi komu upp eftir íbúafund sem haldinn var nú nýverið vegna verndarsvæðis í byggð.

Staðsetning Halldórsverslunar. Á íbúafundi var samhljómur um að staðsetning Halldórsverslunar væri ekki góð innan skipulagsins og henni þyrfti að breyta.

- Hvert á að færa hana?
- Á að færa hana innan lóðar?
- Hvernig á hún að snúa?
- Möguleikar á uppbyggingu við húsið?

Byggingarreitur við Skaftfellingskemma tekin ákvörðun um að færa Halldórsverslun ekki á þann reit.

- Skilmálar byggingarreits
- Athugasemdir komu við skipulagið frá eigendum Víkurbrautar 15/15a vegna þessarar lóðar og hugsanlega takmörkun á notkun þeirra á lóð sinni.

Skilmálar fyrr verndarsvæðið, bæði almennir og sérskilmálar fyrir einstaka hús/lóðir/svæði.

- Farið yfir byggingarskilmála eins og þeir koma fyrir í skýrsludrögum.

Ekki eru gerðar efnislega athugasemdir við framlagða tillögu greinargerðar verndarsvæðis í byggð. Nefndin leggur til að útmörk verndarsvæðis verði stækkað og afmarkist af Sunnubraut 14-16 til suðurs, Víkurbraut 14 til austurs að Víkurbraut 23 og Sunnubraut 24 til vesturs. Nefndin frestar afgreiðslu greinargerðarinnar þangað til að fornleifaskráning liggur fyrir. Nefndin tekur ekki afstöðu til staðsetningar Halldórsverslunar að svo stöddu og frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar nefndarinnar.

Lagt fram til upplýsinga

8. Króktún – Umsókn um breytingu á nýtingarhlutfalli lóðar

Framlagðir hafa verið uppdættir vegna byggingar parhúss að Króktúni 4. Sótt er um breytingu á deiliskipulagi svæðisins með það að markmiði að auka nýtingarhlutfall innan lóða. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,35. Hvor íbúð fyrir sig mætti því vera 145 m² í heildina. Miðað við framlagða uppdætti er nýtingarhlutfall lóðarinnar 0,46. Hönnuður hússins telur að fyrir parhús á tveimur hæðum með bílskúr beri lóðin vel ofangreint nýtingarhlutfall og falli vel að markmiðum skipulagsins. Er því óskað eftir því að nýtingarhlutfall verði heimilað 0,5 fyrir parhúsaloðir innan deiliskipulags við Króktúni. Nefndin gerir ekki athugasemd við að nýtingarhlutfall þessara lóða verði aukið og heimilað byggingarmagn verði 50% á parhúsaloðum innan skipulagsins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

9. Hvammból – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu á grundvelli áður samþykktar lýsingar vegna Hvammbóls í Mýrdal. Um er að ræða skilgreiningu verslunar og þjónustusvæðis.

Samþykkt. Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar og leggur til að hún verði auglýst að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunnar í samræmi við 31.gr.skipulagslaga. Nefndin leggur til að athugað verði við Vegagerðina og landeigendur að heimkeyrsla að Hvammbóli verði færð austar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

10. Hvammból – Deiliskipulag

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna Hvammbóls í Mýrdal. Deiliskipulagið nær yfir um 3 ha svæði. Gert á ráð fyrir stækkun á núverandi íbúðarhúsi, nýju íbúðarhúsi og gisti húsum fyrir ferðarþjónustu.

Samþykkt. Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu vegna Hvammbóls.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

11. Þórisholt – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Þórisholts í Mýrdal á grundvelli áður samþykktar lýsingar aðalskipulagsbreytingar. Um er að ræða skilgreiningu verslunar og þjónustusvæðis.

Nefndin gerir athugasemd við uppbyggingu 3000 m² hótels að Þórisholti að svo komnu máli. Tekin verði afstaða til slíkrar uppbyggingar við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps. Verði byggingarheimild minnkuð sem nemur hóteli gerir nefndin ekki athugasemd við auglýsingu framlagðrar tillögu aðalskipulagsbreytingar að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunnar í samræmi við 31.gr.skipulagslaga.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

12. Þórisholt – Deiliskipulag

Lögð er fram deiliskipulagstillaga fyrir Þórisholt í Mýrdal. Skipulagið tekur til endurgerðar fjóss, hlöðu og viðbyggingar við það og bílastæða auk nýbygginga á svæðinu. Fyrirhugað er að breyta fjósi og hlöðu í gistiheimili með a.m.k. 21 herbergjum til útleigu. Að auki er fyrirhugað að breyta útihúsi í brugghús og samliggjandi útihúsum í veitingasvæði tengt brugghúsi.

Samþykkt. Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu vegna Þórisholts í samræmi við bókun er varðar uppbyggingu hótels að Þórisholti.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

13. Mótorkrossbraut – Jaðarklúbburinn Víkursport Drífa Bjarnadóttir víkur af fundi undir þessum lið

Erindi frá Jaðarklúbbnum Víkursport var tekið fyrir á 576. fundi sveitarstjórnar þar sem óskað var eftir því að fá úthlutað svæði norðan við gamla þjóðveginn ofan Delaskarða. Samþykkt var að vísa erindinu til skipulagsnefndar til skoðunar og tiltekið að málið verði tekið inn í væntanlega endurskoðun aðalskipulags.

Nefndin samþykkir að fyrsti hluti brautarinn verði lagður til reynslu m.t.t. hljóðmengunar og sjónmengunar á svæðinu. Mælt er til þess að skýrar reglur verði settar um notkun svæðisins. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram í samvinnu við Jaðarklúbbinn Víkursport. Verkefnið sett fram í ár en að því loknu verði metið hvort að forsenda sé fyrir frekari skipulagningu svæðisins. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. DB mætir aftur til fundarins.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Umsókn um rekstrarleyfi í flokki II frá Súpufélaginu að Víkurbraut 5

Gengið var frá afgreiðslu málsins með tölvupóstsamskiptum sveitarstjóra og sveitarstjórnar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

2. Beiðni um umsögn vegna veitingar rekstrarleyfis í flokki IV til Hótelis Kríu

Gengið var frá afgreiðslu málsins með tölvupóstsamskiptum sveitarstjóra og sveitarstjórnar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

3. Beiðni um umsögn vegna veitingar rekstrarleyfis í flokki II vegna Víkurbrautar 18

Með samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps sem gerð var 30. mars 2016 og síðan staðfest í breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Samþykkti sveitarstjórn með vísan í reglugerð nr. 585/2007 að verði eftirfarandi takmörkun er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík bætt inn í greinargerðina með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað.

Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggingu.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki athugasemd við veitingu rekstrarleyfis vegna Víkurbrautar 18 bakhúss til ársins 2022.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Fundargerð aukaaðalfundar Bergisans bs. frá 18. júní 2018

6. Bygging sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlaða á Selfossi.

Á fundinum var lögð fram tillaga um að ráðist verði í byggingu sjö íbúða þjónustukjarna á Selfossi. Áætlaður byggingakostnaður er kr. 233 milljónir og er framlag Íbúðalánasjóðs áætlað 33,8 milljónir, sótt verður um viðbótarframlag til fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, einnig hefur Þroskahjálpi á Suðurlandi lýst vilja til þátttöku í verkefninu. Á fundinum var tillagan samþykkt samhljóða og jafnframt var samþykkt að hún skyldi lögð fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaga á þjónustusvæðinu. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

8. Úrræði fyrir börn með fjölpættan vanda

Á fundinum var lagt til að keypt verði hentugt íbúðarhús á Selfossi til að leysa vanda tveggja barna sem eru í mjög brýnni þörf fyrir þjónustu. Áætlað er að kaupverð húss sé um 50 milljónir króna og að rekstrarkostnaður á ári geti numið allt að 50 milljónum.

Á fundinum var tillagan samþykkt samhljóða og jafnframt var samþykkt að hún skyldi lögð fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaga á þjónustuvæðinu.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

2. Minnisblað um samráð sveitarfélaga skipulags- og byggingarmál.

Framvar lagt minnisblað skipulags- og byggingarfulltrúa um samstarf sveitarfélaganna austan Þjórásar til og með Skaftárhreppi á sviði skipulags- og byggingarmála.

Umræða um þetta hefur ítrekað komið fram vegna tímabundinna erfiðleika á að fá til starfa hæfa skipulags- og byggingarfulltrúa í fámennum sveitarfélögum landsbyggðarinnar. Auk verulegrar styrkingar embættanna gefur slík sameining möguleika á aukinni sérhæfingu í þessum margbreytilegu störfum.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps tekur heilshugar undir bókun skipulagsnefndar um málið og tilnefnir formann skipulagsnefndar, skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra til viðræðna við nágrannasveitarfélögin um málið.

3. Kosningar í nefndir ráð og stjórnir sem frestað var á síðasta fundi sveitarstjórnar

Frestað var að kjósa í eftirtaldar nefndir og ráð á síðasta fundi sveitarstjórnar:

Umhverfis- og atvinnumálanefnd

Ástþór Jón Tryggvason verður aðalmaður

Ástþór verður aðalmaður í stað E. Tryggva Ástþóssonar

Umhverfis- og atvinnumálan. varamenn

Brynjar Ögmundsson

Íþrótt- og tómstundanevnd

Sigurður Elías Guðmundsson formaður

Anna Birna Björnsdóttir

Haukur Pálmason

Guðrún Hvönn Sveinsdóttir

Ástþór Jón Tryggvason

Íþrótt- og tómst.n varafulltrúar

Kristina Henzler

Carina Ek

Katrín Waagfjörð

Jóhann Vignir Hróbjartsson

Sabína Victoria Reinholtsdóttir

Menningarmálanefnd

Frestað kjöri annars aðal- og varamanns af L- lista til næsta fundar

Guðrún Sigurðardóttir

Pórey R Úlfarsdóttir

Fræðslunefnd

Þorgerður Hlín Gísladóttir

Ingibjörg Lárusdóttir

Anna Björnsdóttir

Anna Huld Óskarsdóttir formaður

Pálmi Kristjánsson

Fræðslunefnd varafulltrúar

Haukur Pálmason

Ingí Mór Björnsson

Beata Rutkowska

Sigrún Jónsdóttir

Ástþór Jón Jónsson

Rekstrarnefnd Hjallatúns

Sveitarstjóri formaður

Lína Aðalbjargardóttir

Sigurjón Eyjólfsson

Hafdís Eggertsdóttir

Sigurður Magnússon

Rekstrarnefnd Hjallatúns varafulltrúar

Áslaug Einarsdóttir

Helga Halldórsdóttir

Einar Freyr Elínarson

Sveinn Sigurðsson

Petra K. Kristinsdóttir

Stjórn Hollvínasjóðs Hjallatúns

Helga Halldórsdóttir formaður
Ragnheiður Högnadóttir

Fjallskilanevnd vestari

Einar Freyr Elínarson formaður
Andrína Erlingsdóttir
Jóhanna Jónsdóttir

Fjallskilanevnd vestari varafulltrúar

Atli Már Guðjónsson
Benedikt Bragason

Fjallskilanevnd eystri

Ólafur Þorsteinn Gunnarsson formaður
Karl Pálmason
Lára Oddsteinsdóttir
Ragnhildur Jónsdóttir
Hafdís Þorvaldsdóttir

Fjallskilanevnd eystri varafulltrúar

Ingi Már Björnsson
Ólafur Steinar Björnsson
Árni Gunnarsson

4. Starf sveitarstjóra Mýrdalshrepps

Starf sveitarstjóra Mýrdalshrepps var auglýst þann 15. júní s.l. og rann umsóknfrestur út laugardaginn 30. júní s.l. alls sóttu fimm einstaklingar um starfið.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja umsóknarfrestinn til 15. júlí og að starfið verði auglýst á nýjan leik.

5. Tillaga um að ráða Elínu Einarsdóttur í starf skólastjóra Víkurskóla.

Einar Freyr Elínarson vikur af fundi undir þessum lið og varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

Umsóknarfrestur um starf skólastjóra Víkurskóla rann út 18. júní s.l. Eins og fram kemur í fundargerð fræðslunefndar voru umsækjendur tveir Elín Einarsdóttir og Ragnar Jónsson.

Að tillögu fræðslunefndar samþykkir sveitarstjórn Mýrdalshrepps að ráða Elínu Einarsdóttur í starf skólastjóra við Víkurskóla.

Skólastjóri óskar heimildar til að ráða Kolbrúnu Ósk Guðjónsdóttur í starf aðstoðarskólastjóra Víkurskóla. Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni.

EFE mætir aftur til fundarins

6. Tillaga um að ráða George Frumuselu verkfræðing í starf skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps.

Umsóknarfrestur um starf skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps rann út 18. júní s.l. Um starfið sóttu þrjú einstaklingar, þar af einn sem sótti aðeins um starf skipulagsfulltrúa. Með vísan í þá tillögu sem fram kemur í lið 2 hér að framan verður skoðað að ganga til samninga við þann umsækjanda um starfið í sameinuðu embætti skipulags- og byggingarmála á stærra svæði ef um semst. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir að ráða George Frumuselu verkfræðing í starf skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps, en hann mun síðar verða starfsmaður sameinaðs embættis ef samningar nást þar um.

7. Ákvörðun um kaup á íbúðarhúsnæði Ásgeir Magnússon sveitarstjóri vikur af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa íbúðarhúsið Sunnubraut 7. Kaupverð hússins er kr. 36.000.000. Sveitarstjórn felur oddvita og skrifstofustjóra Mýrdalshrepps að ganga frá kaupunum.

ÁM mætir aftur til fundarins.

8. Opnun tilboða í skólaakstur 2018 - 2019 til og með 2020 - 2021 Ingi Már Björnsson vikur af fundi undir þessum lið.

Með auglýsingu var skólaakstur næstu þriggja skólaára með möguleika á framlengingu um tvö ár til viðbótar boðin út og rann tilboðsfrestur út 5. júlí kl 10.30. Aðeins eitt tilboð barst frá Inga Má Björnssyni og hljóðar það samtals upp á 14.850.000 fyrir báðar akstursleiðir.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Inga Mús Björnssonar og felur sveitarstjóra að ganga frá hefðbundnum verksamningi þar um.

IMB mætir aftur til fundarins.

9. Málafni íþróttavallarins.

Lögð fram fyrirspurn um stöðu mála varðandi merkingar og hreinsun á íþróttavellinu. Með vísan í bókun sveitarstjórnar þann 26. apríl þar sem samþykkt var að ráðast í hreinsun og merkingar á íþróttavellinum, er sveitarstjóra falið að vinna að framgangi málsins.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 34. fundar stjórnar Bergrisans frá 18. júní 2018

Lagt fram til kynningar

2. Ársreikningur Héraðsnefnd Vestur- Skaftafellssýslu. 2017 undirritaður.

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð Aðalfundar Háskólafélags Suðurlands frá 12. júní 2018

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. maí 2018.

Lagt fram til kynningar

5. Fundargerð 188. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 29. júní 2018

Lagt fram til kynningar

6. Fundargerð 861. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. júlí 2018

Lagt fram til kynningar

7. Fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. maí 2018

Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.15

Einar Freyr Elínarson oddviti

Ingi Már Björnsson

Drífa Bjarnadóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Páll Tómasson